

## Fundargerð

Mánudaginn 4. desember 2017 kl. 17:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um atvinnu og menningarmál í A-Hún. Fundarstaður bæjarskrifstofur Blönduósbæjar. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Guðmundur Haukur Jakobsson, Sigrún Hauksdóttir, Dagný Úlfarsdóttir og Arnar Þór Sævarsson. Arnar Þór ritaði fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

- 1) Erindi frá héraðsskjalaverði dags. 5. september 2017
- 2) Erindi frá Heimilisiðnaðarsafni dags. 1. nóvember 2017
- 3) Fjárhagsáætlun 2018
- 4) Önnur mál

### Afgreiðslur:

#### 1. Erindi frá héraðsskjalaverði dags. 5. september 2017

Á fundinn mætti Svala Runólfsdóttir, forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins og kynnti starsfemi og rekstur Héraðsskjalasafnsins.

Fram kom í máli hennar að verkefni safnsins væru það mörg og yfirgripsmikil að nauðsynlegt væri að auka starfshlutfall héraðsskjalavarðar sem er í dag 50% starfshlutfall.

Samþykkt var að hækka starfshlutfall forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins í 75%.

Sigrún Hauksdóttir lagði fram þá tillögu að nýta fjármagn úr Styrktarsjóði Péturs Sæmundsen til kaupa á skjalaskápum fyrir Héraðsskjalasafnið.

Samþykkt að allt að 1.4 m.kr. úr Styrktarsjóði Péturs Sæmundsen verði nýtt til kaupa á skjalaskápum fyrir Héraðsskjalasafnið.

#### 2. Erindi frá Heimilisiðnaðarsafni dags. 1. nóvember 2017

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi óskar eftir rekstrarstyrk að upphæð 6.400.000 fyrir árið 2018. Rekstrarstyrkur byggðasamlagsins til safnsins árið 2017 er kr. 5.400.000.

Samþykkt að rekstrarstyrkur 2018 verði kr. 5.550.000.-

#### 3. Fjárhagsáætlun 2018

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun 2018. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að tekjur byggðasamlagsins verði samtals 32,4 m.kr. Gjöld eru

## Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

---

áætluð 34,5 m.kr. Heildarframlög aðildarsveitarfélaganna nema samtals 25 m.kr. sem er sama upphæð og árið 2017.

Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar, mætti á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir yfirstandandi framkvæmdum við Kvennaskólann. Framkvæmdir við Árbraut 33 ganga vel og er utanhúsviðgerðum lokið. Fyrir liggur kostnaðarmat á innanhús framkvæmdum að Árbraut 33.

Fjárhagsáætlun Byggðasamlags um menningu og atvinnumál fyrir árið 2018 samþykkt samhljóða.

### 4. Önnur mál

Ákvörðun um stjórnarlaun byggðasamlagsins.

Samþykkt var að gera breytingu á launum stjórnarmanna í Byggðasamlagi um menningu og atvinnumál. Í dag er kveðið á um að laun stjórnarmanna sé 2,5% af þingfarakaupi og formaður sé með 50% hærra stjórnalaun fyrir hvern fund. Kjaraáð úrskurðaði í lok árs 2016 um 44% hækkun á þingfarakaupi. Í fyrirliggjandi tillögu eru hlutfallstölur lækkaðar til að samræmast þeim breytingum sem orðið hafa á almennum launamarkaði. Stjórn byggðasamlagsins samþykkir að framvegis verði laun nefndarmanna 2% af þingfarakaupi og formanns 50% hærra.

Formaður sagði frá að á næstunni yrði kynnti skýrslan, Mat á mögulegri uppbyggingu nýrrar iðnaðarstarfsemi í Austur-Húnavatnssýslu, sem Mannvit er að vinna að fyrir Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu Biodíselverkefnis. Efla hefur lokið við gerð hagkvæmnisathugunar og stefnt er að kynningu á skýrslunni fyrir hagsmunaaðila á næstu vikum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:50